

**34. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, föstudaginn 28. september 2012 og hófst hann  
kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Birna Benediktsdóttir (BB), Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) Formaður, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðrún Eggertsdóttir (GE), Ásgeir Sveinsson (ÁSV), Ásdís Snót Guðmundsdóttir (ÁSG) og Arnheiður Jónsdóttir (AJ).

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Matthíasdóttir, Formaður

Guðrún Eggertsdóttir í h.s. Arnheiður Jónsdóttir og Ásgeir Sveinsson í h.s. Ásdís Snót Guðmundsdóttir.

**Dagskrá:**

**1. 1101042 - Málefni MEÓ**

Til fundarins mættu undir þessum lið Heiðrún Eva Konráðsdóttir (HEK), Magnús Ólafur Hansson (MÓH) og Björgvin Sigurjónsson (BS). HEK fór yfir starfið á safninu í sumar. Lagt var fram átta mánaða uppgjör safnsins. Samráðsnefnd óskar eftir við stjórn MEÓ og HEK að fá greiðsluáætlun/pörf til áramóta þ.a. hægt sé að fá samþykka viðauka við fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna með auknu framlagi til Minjasafnsins, á næstu reglulegu fundum sveitarstjórnanna. HEK lagði fram greinargerð um starfsemina og fór einnig yfir það sem framundan er í vetur mikil skráningarvinna á munum bæði í Rúsínubúð og á safninu sjálfu. Það fékkst styrkur að fjárhæð 1,5 milljón vegna Björgunarafreksins á Látrabjargi, hann verður notaður til að gera þeim atburði hærra undir höfði. Safnið verður 30 ára á næsta ári, sækja þarf um styrki vegna viðburða í tengslum við afmælið. Athuga með styrki til að laga umhverfi safnsins. Húsnæðismál starfsmanna safnsins voru rædd, ástand Miðgarðs eignahlutur ofl. Stjórn MEÓ falið að skoða þessi mál og koma með tillögu til Samráðsnefndar.

**2. 1208041 - Fjórðungsping Vestfirðinga 2012**

Fjórðungsping Vestfirðinga 2012 verður haldið á Bíldudal 5. og 6. október. Rætt um skipan í stjórn og nefndir á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga, Menningarráð Vestfjarða og fastanefnd um samgöngumál. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur útvega tvo þingforseta.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:55 .**
